

**Úrskurður Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála
í máli nr. 1 /2003**

**Vox ehf.
gegn
Póst- og fjarskiptastofnun**

Á fundi Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þann 5. desember 2003 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í máli þessu:

1.
Inngangur

Með bréfi til samgönguráðherra 3. apríl 2003 kærði Vox ehf. úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar í máli nr. 2002110077 519 um skilmála fyrir 900 þjónustu Landssíma Íslands. Í bréfinu var þess óskað að ráðuneytið úrskurðaði um skyldu Landssímans til þess að afhenda Vox ehf. ógreiddar kröfur á hendur símnotendum vegna 900-þjónustu.

Samgönguráðuneytið framvísaði erindinu til Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála með bréfi sem sent var formanni nefndarinnar dags. 29. apríl 2003. Þar sem formaður nefndarinnar, Ólafur Garðarsson hrl. lýsti sig vanhæfan í málinu tók Lára V. Júlíusdóttir hrl. sæti hans.

Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar barst eftir að fjögurra vikna kærufrestur skv. 1. mgr. 10. gr. 1. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun var liðinn. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála vísaði kærinni því frá sem of seint fram kominni með úrskurði dags. 23. maí 2003.

Með bréfi lögmanns kæranda dags. 29. júlí 2003 var þess krafist að málið yrði tekið til efnislegrar meðferðar með vísan til þess að í úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar hafi ekki verið getið um kærufrest til æðra stjórnvalds og væri það andstætt meginreglum stjórnsluréttarins. Erindi lögmannsins var sent til Póst- og fjarskiptastofnunar sem mælti gegn því að málið fengi efnislega meðferð fyrst og fremst þar sem svar Póst- og fjarskiptastofnunar til Vox ehf. hefði ekki verið úrskurður. Vox ehf. hefði ekki verið

með eiginlega kröfugerð heldur leitað álitst stofnunarinnar á því hvernig beri að túlka tiltekna lagagrein. Þess vegna hefði ekki verið gætt leiðbeininga um kæruleið. Stofnunin benti ennfremur á að eftir að erindi Vox ehf. hefði upphaflega borist hefðu ný fjarskiptalög verið sett, l. nr. 81/2003. Fyrirsvarsmaður Vox ehf. hefði ennfremur sent stofnuninni tvö erindi sem vörðuðu skilmála Símans fyrir þjónustuveitur.

Úrskurðarnefndin kallaði eftir frekari gögnum og ákvað á fundi sínum 17. október 2003 með vísan til þess að láðst hafði að upplýsa um kærufrest í bréfi til kæranda, og kærufrestur er skemmri en almennt er, að taka erindi kæranda til efnislegrar umfjöllunar.

Voru aðilar málsins kallaðir á fund nefndarinnar föstudaginn 31. október 2003 og gefinn kostur á að gera grein fyrir máli sínu, færa fyrir því rök og svara spurningum nefndarmanna. Á fundinn mættu Sigurjón Ingvason, Póst- og fjarskiptastofnun, Jóhanna H. Halldórsdóttir, Póst- og fjarskiptastofnun, Arnar Þór Sveinsson, Landssíma Íslands hf., Gunnar Magnússon, Landssíma Íslands hf., Kristján Franklín Magnús, Vox ehf. og Sveinn Andri Sveinsson hrl. vegna Vox ehf.

II. Málavextir

Kærandi sendi erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar 10. júlí 2002 þar sem hann óskaði álitst stofnunarinnar á því hvort hægt væri í ljósi 43. gr. laga um fjarskipti að líta svo á að þjónustuveitandi í 900-þjónustu Símans væri *óviðkomandi aðili*. Einnig óskaði hann álitst á því hvort Landssíminn gæti í ljósi þessa neitað þjónustuveitanda um að fá afhentar kröfur sem ekki hefði tekist að innheimta.

Kærandi, sem er þjónustuveitandi sem býður fram virðisaukandi þjónustu í 900 þjónustu Landssímans, hafði ítrekað farið þess á leit við Landssíma Íslands hf. að fá afhentar kröfur sem Landssímanum hefði ekki tekist að innheimta, og þá væntanlega í því skyni að annast innheimtu krafanna sjálfur. Landssíminn hf. hafði neitað kæranda um afhendingu krafanna með vísan til l. mgr. 43. gr. laga um fjarskipti sem kveður á um að allir sem starfi við fjarskiptavirki, hvort sem um sé að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, skuli skyldugir, bæði meðan þeir gegni starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, til að halda leyndu fyrir *óviðkomandi aðilum* öllu því sem um fjarskiptavirki fer, hvort sem um sé að ræða efni skeyta, eða samtala eða hvort fjarskipti hafi átt sér stað og á milli hverra.

Kærandi taldi sig frá því í ágúst 2001 og til 28. febrúar 2002 hafa haft gildan samning við Landssímamann um þessa þjónustu, sbr. bréf hans dags. 10. júlí 2002. Landssíminn sagði þeim samningi upp og gerði tillögur um annan samning með skilmálum sem ekki hafa verið undirritaðir, en aðilar eru enn í viðskiptum.

Kærði, Póst- og fjarskiptastofnun, svaraði erindi kæranda með bréfi 19. febrúar 2003. Þar komst kærði að þeirri niðurstöðu að kærandi gæti ekki talist *óviðkomandi aðili* í skilningi 43. gr. þágildandi fjarskiptalaga. Kærði komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að þótt heimilt væri samkvæmt gildandi landsrétti að veita þjónustuaðila upplýsingar um notkun á þjónustu hans, a.m.k. í einhverjum tilvikum þá sé ekki að finna í fjarskiptalögum ákvæði sem mæla fyrir um samningsskilmála milli fjarskiptafyrirtækis og upplýsingaveitu. Í reglugerð um símatorgsþjónustu séu nokkur ákvæði sem varði skilmála þessa en ekkert þeirra mæli fyrir um að skylt sé að afhenda upplýsingaveitu kröfur til innheimtu með tilheyrandi upplýsingum. Fjarskiptafyrirtæki geti því hafnað því að veita upplýsingamar og Póst- og fjarskiptastofnun hafi ekki heimildir til að mæla fyrir um efni skilmála hvað þetta varðar.

Með bréfi til samgönguráðherra dags. 3. apríl 2003 kærði Vox ehf. þá niðurstöðu í álitum Póst- og fjarskiptastofnunar er lítur að skyldu Landssímans til þess að afhenda Vox ehf. ógreiddar kröfur á hendur símnotendum vegna 900-þjónustu.

III.

Sjónarmið kæranda

Í bréfi kæranda til samgönguráðherra segir að með því að vísa til þess að engin laga- eða reglugerðarfyrirmæli sé að finna er skyldi Landssíma Íslands hf. til afhendingar umbeðinna gagna sé kærði ljóslega að snúa hlutunum á hvolf. Almenna reglan sé auðvitað sú að þjónustuveitandinn eigi rétt á að fá allar upplýsingar um þann sem kaupir af honum þjónustu, eins og hver annar kröfueigandi hefur forræði á sínum kröfum. Spurningin hafi bara verið hvort einhver ákvæði fjarskiptalaganna meinuðu kæranda aðgang að þessum upplýsingum. Úr því að svo hafi ekki verið, hljóti kærandi sem þjónustuveitandi að eiga kröfu til þess að fá allar upplýsingar um sína kröfu. Kæranda virðist sem Póst- og fjarskiptastofnun falli í þá túlkunarvillu að það sem sé ekki beinlínis leyft í lögum sé bannað.

Kærandi gerði frekari grein fyrir þessum sjónarmiðum á fundi með úrskurðarnefnd 31. október 2003 og áréttaði að kærandi vildi einungis fá ógreiddar kröfur afhentar sér úr hendi Landssíma Íslands hf. eftir að Landssími Íslands hf. hefði fylgt eftir innheimtu krafanna á venjulega hátt, m.a. sent þær í lögfræðisinnheimtu. Hann sagði að útilokað væri að kröfuhafinn gæti einhliða tekið ákvörðun um að fella niður kröfuna.

Á fundi úrskurðarnefndar 31. október 2003 var bent á að samkvæmt skilmálum sem Landssími Íslands hf. hefur vegna 900-þjónustu Símans er eftirfarandi tekið fram í grein 9.4:

Síminn ber ekki ábyrgð á að allar kröfur innheimtist. Innheimtutilraunir af hálfu Símans falla niður þegar hefðbundnu innheimtufjerli lýkur. Hefðbundið innheimtufjerli telst vera það ferli sem í gildi er fyrir talsímaþjónustu Símans. Þjónustuveitandi á enga kröfu á

hendur Símanum vegna árangurslausrar innheimtu. Kröfur sem ekki hefur tekist að innheimta falla niður og verða ekki afhentar þjónustuveitanda til frekari innheimtu.

Kærandi taldi sig óbundinn af þessu ákvæði í skilmálum, þar sem hann hefði alltaf neitað að skrifa undir þessa skilmála.

IV. Sjónarmið kærða

Sjónarmið kærða sem hann lýsti í bréfi sínu dags. 9. september 2003 voru þau að í upphaflegu erindi Vox ehf. til Póst- og fjarskiptastofnunar hafi ekki verið um eiginlega kröfugerð að ræða heldur hafi verið leitað álits stofnunarinnar á því hvernig bæri að túlka tiltekna lagagreinar. Eins og fram hafi komið í lokaorðum bréfs stofnunarinnar til kæranda dags. 19. febrúar sl. hafi stofnunin gefið álit á því hvaða reglur giltu á þeim tíma um upplýsingagjöf til þjónustuveitanda. Tæplega hafi verið hægt að kalla bréfið úrskurð eða stjórnvaldsákvörðun. Öllu heldur hafi verið um að ræða leiðbeiningar í tilefni af fyrripum Vox ehf. Því hafi ekki verið litið svo á að nauðsynlegt hafi verið að tilgreina kærufrest í bréfinu sem sent var.

Á fundi með úrskurðarnefnd 31. október 2003 lýsti fulltrúi kæranda enn fremur þeim sjónarmiðum að engin löggjöf um Póst- og fjarskiptastofnun, sem í gildi var þegar mál þetta kom til umfjöllunar hjá stofnuninni, hafi heimilað stofnuninni að skipa einstaka fjarskiptafyrirtækjum að afhenta þjónustuveitendum ógreiddar kröfur. Með nýjum fjarskiptalögum nr. 81/2003 hafi verið settar nýjar reglur um meðferð gagna um fjarskiptaumferð. Núgildandi 5. mgr. 42. gr. þeirra laga komi í veg fyrir að hægt sé að afhenda þessi gögn. Kærði hafi því einfaldlega ekki haft vald til að mæla svo fyrir gagnvart einstökum fjarskiptafyrirtækjum að þeim bæri að afhenta ógreiddar kröfur.

Fulltrúar Landssíma Íslands hf. á fundi með úrskurðarnefnd 31. október 2003 upplýstu að tímafrekt og afar kostnaðarsamt væri að aðgreina óinnheimtar kröfur einstakra þjónustuveitanda frá öðrum óinnheimtum kröfum. Allar kröfur, sem ekki greiddust samkvæmt venjulegum innheimtuleiðum væru sendar í lögfræðilega innheimtu. Ef hún bæri ekki árangur, væru kröfurnar felldar niður, og væri við þetta beitt hefðbundnum uppgjörsaðferðum um afskriftir krafna. Þeir fullyrtu einnig að þjónustuveitendur fengju mánaðarlega yfirlit yfir þau viðskipti sem hefðu átt sér stað í undangengnum mánuði ásamt uppgjöri. Þannig ætti kærandi að geta séð hversu hátt hlutfall krafna væri óinnheimt á hverjum tíma. Töldu þeir að þetta hlutfall væri mjög lágt, en hvorki lágu fyrir upplýsingar um fjárhæðir né fjölda krafna.

V. Niðurstaða

Lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 kveða á um að kærði hafi umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögnum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla. Eftirlitsskyldan er tiunduð í 3. gr. laganna. Í 10. tölulið 3. gr. l. 110/1999 segir að verkefni kærða sé m.a. að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum, gjaldskrám og bókhaldi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa, þar sem það eigi við.

Í 7. gr. l. 110/1999, sem fjallar um kvartanir segir eftirfarandi:

Telji notandi fjarskipta- eða pósthjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur eða rekstrarleyfishafar brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis, póstrekenda eða rekstrarleyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

Samkvæmt 10. gr. l. 110/1999 sæta ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.


Ýmsir annmarkar eru á málalátbúnaði aðila fyrir úrskurðarnefndinni. Í upphaflegu erindi kæranda til kærða frá 10. júlí 2002 er óljóst hvort verið sé að beina erindi til stofnunarinnar á grundvelli 7. gr. l. 110/1999 um að stofnunin láti tiltekið mál til sín taka, en í erindinu er óskað álits á því hvort Landssíminn geti neitað þjónustuveitanda um að fá afhentar kröfur sem ekki hefur tekist að innheimta. Póst- og fjarskiptastofnun telur að hún sé ekki að fjalla um erindi kæranda sem kvörtun á grundvelli 7. gr. l. 110/1999 og svarar erindinu eins og um sé að ræða leiðbeiningar um hvernig beri að túlka tilteknar lagagreinar. Hún leitar þannig ekki álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis á kvörtuninni eða freistar þess að jafna ágreining aðila. Hún úrskurðar heldur ekki í málinu með hefðbundnum hætti né gætir upplýsingaskyldu um kærufrest til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Ekki er verið að kæra úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar heldur svar stofnunarinnar við tilteknu álitaefni. Svar Póst- og fjarskiptastofnunar er ekki í formi úrskurðar né kærarlegrar ákvörðunar skv. l. 110/1999. Svokallaðri kæru kæranda er síðan beint til samgönguráðherra með bréfi dags. 3. apríl 2003 en ekki úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Úrskurðarorð

Með vísan til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki fjallað um upphaflegt erindi kæranda sem kvörtun eða kæru og kveðið upp úrskurð um það á grundvelli 7. gr. l. 110/1999 eða tekið kæránlega ákvörðun á grundvelli laganna að öðru leyti er máli þessu vísað frá úrskurðarnefnd í fjarskipta- og póstmálum. Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar.

Reykjavík, 5. desember 2003


Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála



Lára V. Júlíusdóttir hrl. formaður ad hoc



Heimir Haraldsson



Guðjón Kárasen